

Rafmennt
Stórhöfða 27
110 Reykjavík

kt. 5901042050

MÁL-2025-05-01955

Reykjavík, 18.6.2025

Efni: Ákvörðun stjórnar Menntasjóðs námsmanna í máli Rafmenntar

Erindi þitt, mótt. 26.5.2025 var tekið fyrir á fundi stjórnar Menntasjóðs námsmanna þann 18.6.2025 og var niðurstaðan svohljóðandi:

Í erindi þínu óskar Rafmennt skólinn eftir lánshæfismati á námsbrautunum Handrit og leikstjórn, Leikstjórn og framleiðsla, Leiklist fyrir kvikmyndir og Skapandi tækni verði lánshæfar námsbrautir. Allar 4 námsbrautirnar er skipulagðar sem 120 FEIN-eininga nám, 30 FEIN-einingar á önn í 4 annir. Námið er ekki á háskólastigi og telst því til starfsnáms við framhaldsskóla en fjallað er um þau skilyrði sem slíkt nám erlendis þarf að uppfylla til að hljóta lánshæfi í grein 2.2.3 í úthlutunarreglum Menntasjóði námsmanna námsárið 2025-2026, sbr. 7. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020.

Í grein 2.2.3 í úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna námsárið 2025-2026 segir svo um starfsnám og viðbótarnám við framhaldsskóla á Íslandi: Iðnnám og starfsnám á framhaldsskólastigi og viðbótarnám við starfsnám í framhaldsskóla er lánshæft. Skilyrði fyrir því er að námið hafi hlotið staðfestingu ráðherra samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla auk þess að uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

1. Námið hafi fengið samþykki frá viðkomandi starfsgreinaráði, ef við á,
2. námslok séu a.m.k. á þriðja hæfnisþrepi og
3. sambærilegt nám sé almennt ekki í boði á háskólastigi hér á landi.

Námsbrautirnar Handrit og leikstjórn, Leikstjórn og framleiðsla, Leiklist fyrir kvikmyndir og Skapandi tækni sem Rafmennt hefur óskað eftir lánshæfismati á uppfyllir framangreind skilyrði og er því fallist á að telja þessar 4 námsbrautir lánshæfar Hjá Rafmennt frá og með námsárinu 2025-2026, sbr. heimild í grein 2.2.3 í úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna námsárið 2025-2026.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Menntasjóðs námsmanna

Páll Egill Winkel
framkvæmdastjóri